



Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar

Reykjavík, 21. janúar 2025

USK24090294

TILLAGA

Tillaga

Lagt er til að umhverfis- og skipulagsráð samþykki að veita heimild fyrir áframhaldandi undirbúningi, verkhönnun og gerð útboðsgagna vegna breytinga á fyrirkomulagi á gatnamótum Grensásvegur og Ármúla/Skeifunnar.

Greinargerð:

Lagðar eru til breytingar á gatnamótum Grensásvegur og Ármúla/Skeifunnar til að tryggja aðgengi og öryggi óvarinna vegfarenda. Fjöldi óvarinna farþega sem fara um þessi gatnamót hefur aukist til muna, þ.m.t. barna í tengslum við tímabundið skólahúsnaði við Ármúla 28-30, og ljóst er að óvörðum vegfarendum mun fjölga á svæðinu í fyrirsjáanlegri framtíð samhliða fjölgun íbúða á svæðinu.

Helstu breytingar snúa að því að gera gönguleiðir öruggari yfir gatnamótin, bæta við leiðarlínum og áhersluflötum, og hækka hækka upp hægribeygjurein sem þverar gönguleið meðfram vestanverðum Grensásvegi. Fjöldi akreina á Grensásvegi verði fækkað þannig að báðum megin verði ein akrein áfram í gegnum gatnamótin og ein akrein í vinstri beygju af Grensásvegi. Á móti skapast meira rými undir gangstéttar og gróður. Austanmegin á Grensásvegi, norðan gatnamótanna, verður strætóstöð endurgerð.

Framkvæmdirnar eru taldar mikilvægar til að mæta því að samsetning umferðar um gatnamótin hefur breyst töluvert frá því að þau voru byggð. Öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda er að mati sérfræðinga ekki talið ásættanlegt með þá útfærslu sem er í dag. Aftur á móti er vert að benda á að samhliða breyttri landnotkun á svæðinu, og þar sem lagnir voru sumar lagðar á árunum 1955-1961, fer að líða að því endurskoða verði götuna í heild sinni milli Miklubrautar og Suðurlandsbrautar.

Áætlaður kostnaður Reykjavíkurborgar er um 60 milljónir

Virðingarfyllt,
Bjarni Rúnar Ingvarsson
Deildarstjóri samgangna

Hjálagt: Teikning af breytingum á gatnamótunum.



Reykjavík



Skýringar:

	Kantsteinn		Steypa		Leiðnihellur
	Bogagrindverk		Malbik		Drophellur
	Núverandi yfirborðsmörkingar		Gras		
	Nýjar yfirborðsmörkingar		Hellur (grár)		
			Hellur (svart)		

Í VINNSLU
 Vistab: 11.17.2024 11:43
 Ritab: 11.15.2024 11:43

6			
5			
4			
3			
2			
1			
△	Breytingar:	Daga:	Sambýkt:



Húlaálfarinn 20-00
 108 Reykjavík
 Sími: 570-0900
 Fw: 570-0903
 WWW.HNIT.IS

Reykjavíkurborg
 Umhverfis- og skipulagssvið
 UMFERDARÖRYGGISADGERDIR 2024
 GRENSÁSVEGUR – ARMÚLI

YFIRBORÐSFRÁGANGUR
 GRENSÁSVEGUR

Skv.: 1:250
 Húðakort: ISN93
 Tölur, m.:
Z(88)01